

Miðvikudaginn 23. júní 1982.

Nr. 134/1982. **Vinnuveitendasamband Íslands
f. h. vinnuvélaeigenda
vegna Feró s/f og
Hafsteins Alfreðssonar
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra
vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar.**

Kærumál. Dómstólar. Félagsdómur. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði.

D ó m s o r ð :

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 8. júní 1982, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefjast þeir, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þeir krefjast og kærumálaskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og sóknaraðiljar dæmdir til greiðslu kærumálaskostnaðar.

Þær aðgerðir, sem um var að tefla af hendi varnaraðilja gagnvart sóknaraðiljum, Feró s/f og Hafsteini Alfreðssyni, í atvinnustarfsemi þeirra, voru ekki vinnustöðvun í skilningi 1. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Það ber eigi undir Félagsdóm, heldur almenna dómstóla að dæma um ólögmæti þeirra aðgerða og fébótaskyldu af því tilefni. Samkvæmt því verður hinn kærði frávísunardómur staðfestur að því er tekur til 1. og 2. tl. stefnukrafnanna.

Með 2. tl. 44. gr. nefndra laga er það lagt til Félagsdóms að skera úr því með viðurkenningardómi, ef því er að skipta, hvernig skilja beri ákvæði kjarasamnings, er ágreiningi

valda. Samkvæmt undirstöðurökum lagaákvæðis þessa og með hliðsjón af ákvæðum 3. tl. sömu greinar verður að líta svo á, að mál til að fá viðurkenningardóm um skýringu á 5. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Landsambands vörubifreiðastjóra frá 27. október 1980 hafi Vinnuveitendasambandið átt að reka í eigin nafni eða fyrir hönd einhvers meðlima sinna, sem þiggur þjónustu, slíka sem látin er í té af félagsmönnum í aðildarfélögum Landsambands vörubifreiðastjóra, sbr. 45. gr. laga nr. 80/1938. Ber samkvæmt því einnig að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að því er tekur til 3. töluliðar í dómkröfum sóknar-aðilja.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta Hæstaréttar um afgreiðslu á 1. og 2. tölulið stefnukrafnanna.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að fella eigi frávísunardóminn úr gildi að því er varðar 3. tölulið stefnukröfunnar. Ber að leggja fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm um þann þátt málsins með skírskotun til þeirra forsendna, er fram koma í sératkvæði minni hluta dómenda í Félagsdómi, enda verður að telja vinnuvélaeigendur, svo sem sóknar-aðilja, atvinnurekendur í skilningi laga nr. 80/1938.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 2. júní 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 19. f. m., var höfðað með stefnu 6. maí 1982.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Félags vinnuvélaeigenda vegna Feró s/f og Hafsteins Alfreðssonar.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands vöru-bifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms:

1. Að vinnustöðvunaraðgerðir forráðamanna og félagsmanna Vörubílstjórafélagsins Þróttar 29. og 30. apríl 1982 við uppskipun á salti úr m/s Ísnesi í Sundahöfn hafi verið ólög-mætar og heimildarlaugar.
2. Að stefndi sé bótaskyldur gagnvart stefnendum vegna þess-ara aðgerða.
3. Að skilja beri ákvæði samnings milli Landssambands vöru-bifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980 á þann veg, að hann nái til vörubifreiða með hæst 15 tonna hlaspunga og forgangsréttarákvæði til leigu-aksturs á vörubifreiðum samkvæmt 5. gr. nefnds samnings sé við þetta takmarkað, en nái ekki til dráttarbíla með tengivagni og þá ekki til dráttarbíls með tengivagni, sem ber yfir 20 tonna hlaspunga svo sem vagninn R 16625 og vagninn R 57968.

Þá er þess og krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað eftir mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað. Þá gerir stefndi einnig þá kröfu með vísan til 53. gr. laga nr. 80/1938, að viðurkenndur verði með dómi Félagsdóms, ef fært þykir í máli þessara aðilja, einkaréttur vöru-bílstjóra í Vörubílstjórafélaginu Þrótti til að annast þá flutninga, sem um er deilt í máli þessu.

Málavexti segir stefnandi vera þessa:

Fyrirtækið Saltsalan h/f samdi við stefnendur, Feró s/f og Hafstein Alfreðsson, um flutning á saltfarmi með tilstyrk dráttar-bíla og flutningavagna þessara aðilja frá borðstokki skipsins Ís-ness í Sundahöfn til birgðageymslu í landi. Ámokstur á tengi-vagn hófst laust fyrir kl. 1830 fimmtudaginn 29. apríl 1982.

Eigi hafði ámokstur staðið nema stutta stund, er nokkrir bif-reiðastjórar úr Vörubílstjórafélaginu Þrótti komu á vettvang og lögðu bifreiðum sínum þvert fyrir aðkeyrsluleið flutningataekja stefnanda og hindruðu þannig, að hægt væri að halda starfinu áfram, og réttlættu þeir aðgerðir sínar með því, að þeir væru með þessu að gæta hagsmuna félagsmanna Þróttar samkvæmt ákvörðun forráðamanna þar.

Lögmaður stefnanda hitti að máli formann Þróttar á vettvangi um kl. 1900, og lýsti lögmaðurinn því yfir við formanninn í áheyrn sóknaraðiljanna, að hann gerði Þrótt skaðabótaábyrgan vegna ólöglegrar valdbeitingar og vinnutruflunar. Formaðurinn kvað aðgerðirnar byggðar á því, að félagsmenn Þróttar ættu forgangsrétt til þessara flutninga.

Um það bil 2—3 klukkustundum síðar voru Þróttarbílarnir farnir af vettvangi, og var þá að nýju hafin vinna við uppskipun á salti á tengivagnana. Eigi leið þó á löngu, uns komnir voru allmargir Þróttarbílar, sem umkringdu vinnustaðinn.

Að beiðni lögmanns sóknaraðilja komu lögreglumenn á vettvang bæði hið fyrra sinn og einnig síðara, og liggur frammi skýrsla lögreglunnar um atburðinn. Í skýrslunni segir meðal annars:

„Er við komum á staðinn, hafði vörubifreiðum frá Þrótti verið lagt þannig, að vörubifreiðarnar frá Feró gátu ekki ekið saltinu burtu frá skipinu. Á staðnum var eigandi fyrirtækisins Feró, Marínó Sigurpálsson, Steinaseli 6, sími 72005. Einnig voru þarna forráðamenn frá Þrótti, formaður og framkvæmdastjóri. Lýstu þeir allri ábyrgð á sig vegna aðgerða Þróttar við hindrun á uppskipun úr Ísnesi. Þróttarmenn töldu sig eiga allan rétt á uppskipun saltsins úr skipinu, þar sem það væri „bíltækt“, eins og þeir orðuðu það“.

Klukkan að ganga tvö um nóttina fjarlægðu sóknaraðiljar flutningatæki sín.

Nokkru síðar um nóttina réðu forráðamenn Saltsölunnar h/f nokkra Þróttarbílstjóra til þess að flytja saltið.

Á deiluvettvangi urðu aðiljar sammála um að leggja ágreininn fyrir Félagsdóm.

Í máli þessu hefur komið fram kjarasamningur milli Landsambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980, en 5. gr. samningsins er svohljóðandi:

„Vinnuveitendasambandið skuldbindur sig til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélaga innan Landssambands vörubifreiðastjóra hafa forgangsrétt til leiguaksturs á vörubifreiðum, hvern á sínu vinnu- og félagssvæði, og til leiguaksturs inn og út af því svæði fyrir þá félaga Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu.

Vinnuveitendur hafa frjálst val um það, hvaða félagsmenn viðkomandi vörubílstjórafélags þeir taka til vinnu, þar sem sú regla hefur gilt.

Skipafélögum og skipaafgreiðslum er heimilt að flytja milli staða á eigin bifreiðum eða öðrum eigin flutningatækjum allan þann farm, er þau hafa tekið að sér flutning á með eigin skipum eða leiguskipum.“

Einnig hefur verið lögð fram í málinu reglugerð samgönguráðuneytisins um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þróttar, frá 3. nóvember 1970.

3. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Vörubifreiðastöð sú, er Vörubílstjórafélagið Þróttur rekur í Reykjavík, hefur hlotið viðurkenningu borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórnar Kópavogs og sýslunefndar Kjósarsýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Þróttar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.“

Stefnandi rökstyður mál sitt á þessa leið:

Um kröfuliði 1 og 2: Stefnandi heldur því fram, að áður nefndar aðgerðir forráðamanna og félagsmanna Vörubílstjórafélagsins Þróttar séu andstæðar IV. kafla umferðarlaga nr. 40/1968 og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér sé um að ræða valdbeitingu, sem gangi þvert á anda og tilgang laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Vegna valdbeitingar þessarar hafi stefnandi orðið fyrir tjóni, sem stefndi beri bótaábyrgð á.

Fyrrgreind valdbeiting sé ekki verkfallsaðgerð, heldur mun alvarlegra mál. Hins vegar megi lögjafna aðgerðunum við vinnustöðvun og eigi því Félagsdómur dómsvald um kröfur þessar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Um kröfulið 3: Stefnandi byggir kröfur sínar samkvæmt þessum lið á því, að gera verði greinarmun á vörubifreiðum annars vegar og dráttarbílum með tengivagni hins vegar. Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970, 6. gr., og reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum sýni greinilega, að með orðunum vörubifreiðar sé ekki átt við dráttarbíla með tengivagni, og fullyrða megi, að tilvitnanir laga og reglugerða í vöruflutningabifreiðar nái engan veginn til dráttarbíla með tengivögnum.

Þá sé þess að geta, að samningurinn milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands taki að eins til vörubifreiða með allt að 15 tonna hámarkshlassþunga. Sjái þessa víða stað í samningnum. Af þessu leiði, að forgangsréttur til leiguaksturs vöruflutninga samkvæmt 5. gr. nefnds samnings sé takmarkaður við slíkar bifreiðar. Vörubifreiðar stærri en svo, að 15 tonna hlassþungi sé þeirra mesta burðarmagn, séu fyrir utan samninginn og óháðar forgangsréttinum. Sama máli gegni um dráttarbíla með tengivagni. Þeir dráttarbílar, sem um ræðir í þessu máli, bera yfir 20 tonna hlassþunga.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á aðildarskorti, sbr. 45. gr. og þó einkum 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem fjallar um meðferð mála fyrir Félagsdómi.

Eigendur umræddra dráttarbíla með tengivögnum, Feró s/f og Hafsteinn Alfreðsson, eigi ekki aðild að máli þessu. Deilan standi milli Saltsölunnar h/f, sem er vinnuveitandinn og eigandi farmsins, og Vörubílstjórafélagsins Þróttar. Það sé því Saltsalan h/f, sem hefði átt að koma fram sem stefnandi í máli þessu. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á þessa málsástæðu, telur stefndi, að sýkna beri hann allt að einu af efnisástæðum. Aðgerðir félagsmanna Þróttar umrædda nótt hafi byggst á neyðarrétti, þar sem, eins og á stóð, hafi ekki verið tök á að leggja lögbann á gegn skýlausu broti á einkarétti félagsins til flutningsins.

Ef beðið hefði verið með aðgerðir, hefði skaðinn verið skeður og losun skipsins lokið með ólögmætum hætti. Aðgerðir þessar hafi því verið eðlilegar og nauðsynlegar til að afstýra lögbroti, eins og á stóð.

Varðandi lið 3 í dómkröfum stefnanda byggir stefndi sýknukröfu sína á ákvæðum laga nr. 36/1970, reglugerð frá 3. nóvember 1970 og einkum á forgangsréttarákvæðinu í 5. gr. margnefnds samnings frá 27. október 1980. Stefndi telur, að forgangsréttur félagsmanna innan Landssambands vörubifreiðastjóra sé fortakslaus að því er varðar flutning á varningi, sem er „bíl-tækur“, þ. e. varningi, sem vörubifreiðar félagsmanna landsambandsins geta flutt. Stefndi hafnar alfarið þeirri skoðun stefnanda, að forgangsrétturinn taki ekki til vörubifreiða með meira en 15 tonna hámarkshlassþunga. Slík niðurstaða mundi gera forgangsréttinn lítils eða einskis virði. Þó að í samningnum

sé ekki getið akstursgjalds fyrir vörubifreiðar með meira en 15 tonna hámarkshlasspunga, megi ekki gagnálykta frá því, að forgangsrétturinn taki ekki til stærri vörubifreiða. Stefndi telur, að orðið vörubifreið nái til allra bifreiða, sem annast vörutugninga, hvort sem þær eru með tengivagni eða ekki.

ÁLIT DÓMSINS.

Sóknaraðiljar máls þessa, Feró s/f og Hafsteinn Alfreðsson, eru að sönnu meðlimir í Félagi vinnuvélaeigenda, sem aftur er meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands, en í deilu þeirri, sem mál þetta er risið af, komu sóknaraðiljar þessir ekki á nokkurn hátt fram sem vinnuveitendur. Var því stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, ekki rétt að leggja þetta málsefni til úrlausnar Félagsdóms fyrir hönd Félags vinnuvélaeigenda vegna Feró s/f og Hafsteins Alfreðssonar.

Þykir því verða að vísa kröfum stefnanda frá Félagsdómi.

Þar eð málssókn er haldin þessum ágöllum, sem að framan er lýst, verður einnig að vísa gagnkröfu stefnda frá Félagsdómi.

Málskostnaður á að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Björn Helgason og Árni Guðjónsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Gunnars Guðmundssonar og Halldórs Þorbjörnssonar.

Tílefni máls þessa er ágreiningur um skilning á samningi Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980. Sóknaraðiljar, Feró s/f og Hafsteinn Alfreðsson, sem eru í vinnuveitendasambandinu, hafa af því lögvarða hagsmuni að fá skorið úr ágreiningi þessum, og teljum við því, að leggja beri efnisdóm á kröfur aðila í málinu.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að málinu verði vísað frá dómi, tökum við að svo stöddu ekki afstöðu til dómkrafna í málinu.